

## Akstursþjónusta eldri borgara í Hafnarfirði

Minnisblað fyrir fjölskylduráð 13. desember 2022

### Akstursþjónusta:

Um mitt ár 2020 var skipt um verktaka sérhæfðar akstursþjónustu í Hafnarfirði og þjónusta við bæði fatlað fólk og eldri borgara sameinuð. Akstursþjónusta eldri borgara er í dag í höndum Hópbíla, Blindraaksturs (fyrir einstaklinga með verulegar sjónskerðingar) og leigubíla sem hafa verið að sækja fólk í félagsstarf í Hraunseli.

Mikil breyting varð á þjónustustigi akstursþjónustu eldri borgara eftir að Hópbílar tóku við sérhæfðri akstursþjónustu. Eldri borgara sem höfðu í fjögur ár verið með leigubílaþjónustu. Þjónusta með leigubílum fól í sér að hægt var að panta far með engum fyrirvara og ferðast var með fólksbílum. Eldri borgara þurftu ekki að deila bíl með ókunnugum einstaklingum. Í dag er þjónustan innt af hendi með stærri bílum, panta þarf með að minnsta kosti tveggja tíma fyrirvara og oft á tíðum er blandaður hópur einstaklinga í sama bíl, rétt eins og er í almenningsvögnum.

Í útboðsgögnum vegna sérhæfðar akstursþjónustu um tækjakost kemur fram að Hópbílar notist við:

- 10 – 15 hópferðabifreiðar fyrir 9 farþega, sérstaklega útbúnar til flutnings á hreyfihömluðum einstaklingum. Hluti bifreiða er útbúin til flutnings á notendum í hjólastólum.
- 1 hópferðabifreið fyrir 10 – 15 farþega
- Ótilgreindur fjöldi fólksbíla/leigubíla fyrir akstur með eldri borgara

Engir fólksbílar eru nú í notkun hjá Hópbílum, en tveir rafbílar voru í prófun, aðallega vegna drægni, en það skilaði ekki góðum árangri. Samkvæmt upplýsingum frá verktaka er reynsla þeirra af notkun fólksbíla fyrir eldri borgara með þeim hætti að það henti ekki eldra fólki að vera í mjög lágum bílum vegna slæms aðgengis og einnig vegna geymslurýmis fyrir hjálpertæki sem eldri borgarar eru oft með t.d. göngugrindur.

Rætt hefur verið við fulltrúa Hópbíla um aðgengi í bíla fyrir eldri borgara sem erfitt eiga með að stíga upp í rútur. Í flestum bílum sem Hópbílar nota í akstursþjónustu er lyfta sem gerir eldra fólki kleift að ganga beint inn í bílinn án þess að stíga í þrep.

### Reglur um akstursþjónustu:

Nýjar reglur um akstursþjónustu eldri borgara voru samþykktar í fjölskylduráði þann 5. júní 2020 og samþykktar af bæjarstjórn 10. júní 2022. Reglur um akstursþjónustu eldri borgara í Hafnarfirði eru með líkar reglum nærliggjandi sveitarfélag nema hvað varðar fjölda ferða. Reglur í Hafnarfirði kveða á um að ferðir skulu vera að hámarki 8 á mánuði en í undantekningartilfellum er hægt að óska eftir fleiri ferðum. Í nærliggjandi sveitarfélögum er hámark ferða 16 á mánuði. Í athugasemdum öldungaráðs er lagt til að ferðum verði fjölgað frá 8 ferðum á mánuði í 16 ferðir á mánuði. Með þeirri breytingu væri fjöldi ferða sá sami í Hafnarfirði og nærliggjandi sveitarfélögum.

Í yfirferð Öldundaráðs Hafnarfjarðar er óskað eftir að skilyrðum sem uppfylla þarf til að fá samþykktu akstursþjónustu sé breytt, en í reglum kemur fram að umsækjandi skuli vera ófær um að nota almenningssamgöngur vegna langvarandi hreyfihömlunar. Óskað er eftir að langvarandi hreyfihömlun sé felld niður og í stað þess standi í reglum „umsækjandi skal vera ófær um að nota almenningssamgöngur“. Í nærliggjandi sveitarfélögum eru svipuð skilyrði fyrir þjónustunni og í

Hafnarfirði og akstursþjónusta vegna tímabundinna hreyfihömlunar eingöngu veitt í undantekningartilfellum.


Samþykkt akstursþjónusta fjöldi samninga	Fjöldi ferða sem samþykkt er
120	8
1	12
5	16
3	20
4	24
1	30
1	32
135	


Eins og sjá má á ofangreindu er í langflestum tilfella samþykktar 8 ferðir á mánuði.

#### Fjöldi ferða:

Það er mismunandi hversu mikið eldri borgarar eru að nýta sér akstursþjónustuna. Árið 2018 var boðið upp á leigubílaakstur en þá var ekki þjónustan nýtt nema með 510 ferðum mánaðarlega. Notkun jókst verulega 2019 en vegna heimsfaraldurs dró verulega úr nýtingu akstursþjónustu eldri borgara 2020 og 2021. Nú í ár hefur nýting aðeins verið að batna og vonandi heldur sú þróun áfram.

Þar sem að akstur í félagsstarf hefur að einhverju leyti verið á vegum leigubílaþjónustu hefur ekki verið tekið tillit til þess akstur þegar akstursþjónusta er samþykkt. Það væri til mikilla bóta ef öll akstursþjónusta eldri borgara, fyrir utan blindraakstur, væri á sömu höndum.





**Kostnaður:**

Farþegar greiða fullt gjald skv. gjaldskrá Strætó b/s, í dag 490.- kr. en hver ferð kostar Hafnarfjarðarbæ 3.031.- kr.. í samningi við farþega kemur fram að ef nýting ferða verða fleiri en samþykktar hafa verið greiðir farþeginn ferðina að fullu.

Virðingarfyllst,

Sjöfn Guðmundsdóttir  
deildarstjóri stuðnings – og stoðþjónustu